

## Vinnureglur Fjallabyggðar um töku orlofs

### 1. gr.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. september.

Starfsmaður á rétt á að fá allt orlof sitt á sumarorlofstímabilinu, verði því við komið vegna þarfa stofnunarinnar.

### 2. gr.

Forstöðumaður stofnunar ákveður í samráði við launþega hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum launþega um hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Að lokinni könnun á vilja launþegans skal atvinnurekandi tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.

Starfsmenn skulu senda til næsta yfirmanns beiðni um orlofsdaga í gegnum viðveru- og tímaskráningarkerfið Vinnustund. Næsti yfirmaður staðfestir eða hafnar fyrirbyggjandi beiðni.

Starfsmenn geta ávallt fylgst með stöðu orlofsstunda sinna í Vinnustund undir *Sjálfsþjónusta – Leyfi*.

Allt orlof og öll fjarvera starfsmanna frá vinnustað á vinnutíma skal skráð í Vinnustund.

### 3. gr.

Töku áunnins orlofs skal almennt lokið fyrir lok orlofsársins.

Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt með samþykki yfirmanns að gera skriflegt samkomulag við starfsmann um flutning á allt að 5 orlofsdögum á milli orlofstímabila. Undirrituðu samkomulagi skal skilað til launafulltrúa fyrir 30. apríl.

Í sérstökum tilvikum er heimilt með samþykki yfirmanns og viðkomandi deildarstjóra að gera skriflegt samkomulag við starfsmann um flutning á allt að 10 orlofsdögum á milli orlofstímabila. Undirrituðu samkomulagi skal skilað til launafulltrúa fyrir 30. apríl.

### 4. gr.

Hafi starfsmaður ekki nýtt ótekna orlofsdaga, eða látið hjá liggja að gera samkomulag um flutning ótekens orlofs milli orlofstímabila samkvæmt reglum þessum, fyrir lok orlofsárs, falla þeir dagar niður sem eftir standa.

Geti starfsmaður ekki tekið umsamið orlof vegna veikinda skal hann tilkynna vinnuveitanda um veikindin svo fljótt sem auðið er og sanna með læknavottorði. Starfsmaður getur þá farið fram á töku orlofs á öðrum tíma og skal orlofið ákveðið í samráði vinnuveitanda og starfsmanns. Orlofstöku skal lokið innan orlofsárs, verði því við komið vegna þarfa stofnunarinnar. Verði því ekki við komið vegna þarfa stofnunarinnar skulu starfsmaður og yfirmaður gera samkomulag um að orlofið verði tekið fyrir lok næsta orlofstímabils.

Starfsmaður í fæðingarorlofi getur farið fram á töku orlofs á öðrum tíma. Skal orlofið ákveðið í samráði vinnuveitanda og starfsmanns. Orlofstöku skal lokið innan orlofsárs, verði því við komið vegna þarfa stofnunarinnar. Verði því ekki við komið vegna þarfa stofnunarinnar skulu



starfsmaður og yfirmaður gera samkomulag um að orlofið verði tekið fyrir lok næsta orlofstímabils.

Ef töku orlofs vegna veikinda eða fæðingarorlofs skv. 2. og 3. mgr. er ekki lokið fyrir lok næsta orlofstímabils falla þeir dagar niður sem eftir standa.

5. gr.

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fynast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, en það eru 4 ár.

6. gr.

Óheimilt er að greiða starfsmanni ótekið orlof nema við starfslok.

Ekki er heimilt að veita launalaust leyfi ef starfsmaður á ótekið orlof, nema sérstaklega standi á, s.s. vegna fjölskylduaðstæðna. Skal það ákvarðað fyrir fram ef aðstæður leyfa.

7. gr.

Reglur þessar taka gildi 1. maí 2024. Samhliða gildistöku þessara reglna falla úr gildi vinnureglur Fjallabyggðar um töku orlofs frá 21.09.2018.

*Samþykkt á 242. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar 30. apríl 2024.*

## Samkomulag um orlofstöku

Samkvæmt vinnureglum Fjallabyggðar um töku orlofs skal nýting áunnins orlofs almennt lokið fyrir lok orlofsársins. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt með samþykki yfirmanns að gera skriflegt samkomulag við starfsmann um flutning á allt að 5 orlofsdögum á milli orlofstímabila. Í sérstökum tilvikum er heimilt með samþykki yfirmanns og viðkomandi deildarstjóra að gera skriflegt samkomulag við starfsmann um flutning á allt að 10 orlofsdögum á milli orlofstímabila. Undirrituðu samkomulagi skal skilað til launafulltrúa fyrir 30. apríl.

Nafn	
Kennitala	
Starfsheiti	
Vinnustaður	
Yfirmaður	

Núv. orlofsstaða  klst.

Þar af áður flutt frá fyrra orlofstímabili  klst.

Ég sæki hér með um að flytja  klst. af óteknu orlofi mínu yfir á næsta orlofstímabil

sem hefst 1. maí

### Ástæða umsóknar:

- Ég á ótekið orlof (hámark 5 orlofsdagar) sem mun nýta á næsta orlofstímabili
- Ég á uppsafnað ótekið orlof vegna veikinda
- Ég á uppsafnað ótekið orlof vegna fæðingarorlofs

Undirritun yfirmanns

Undirritun starfsmanns

Dagsetning

Athugasemd  
yfirmanns

--